

Ed.

664. Breytingartillaga

[209. mál]

við frv. til laga um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Birgi Kjaran.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Atvinnurekendur, sem aðild eiga að stofnuninni, mynda fulltrúaráð, sem skipað er 1 fulltrúa fyrir hvert fyrirtæki. Fulltrúaráðið fer með æðsta vald í öllum rekstri og stefnumótun stofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum, kjörnum til þriggja ára í senn. Skulu tveir kosnir hlutfallskosningu af Alþingi og skipar ráðherra annan þeirra formann, en þrír skulu kjörnir af aðalfundi fulltrúaráðsins. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Fulltrúaráð ákveður laun stjórnar.

Stjórnin boðar fulltrúaráð stofnunarinnar til aðalfundar hvert ár eigi síðar en í júnimánuði. Aukafundi skal boða, þegar þurfa þykir. Fulltrúaráð skal boða til aukafundar, ef tveir stjórnarmenn eða helmingur fulltrúaráðs krefst þess. Fundir fulltrúaráðs skulu boðaðir með símskeyti með minnst viku fyrirvara. Aðili stofnunarinnar, sem ekki hefur framleitt niðursoðnar eða niðurlagðar sjávarafurðir eða flutt út á vegum stofnunarinnar á síðustu 12 mánuðum, hefur ekki atkvæðisrétt á fundum fulltrúaráðsins. Á aðalfundi fulltrúaráðs skal leggja fram reikninga ásamt sölu-, framleiðslu- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til þriggja ára í senn, og skal annar þeirra tilnefndur af fulltrúaráði, en hinn af fjármálaráðuneytinu. Eftir hver áramót skal stjórnin gefa ráðherra ýtarlega skýrslu um starfsemina á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Viku fyrir aðalfund skulu endurskoðaðir ársreikningar stofnunarinnar ásamt sölu- og framleiðsluáætlun næsta starfsárs liggja frammi á skrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík fulltrúaráðsmönnum til athugunar. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Stjórnin ræður og ákveður laun framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina.